

57

1. Ef maður, sem varðveitir lögferju, vanrækir að halda henni við eða synjar 16. maí. mönnum fars, þó fullur tollur sje í boði, er það brot gegn almennri lögreglu, sbr. 45. kap. landsleigubálks Jónsbókar, 6. gr. konungsbrjefs 29. apríl 1776 og 31. og 32. gr. tilskipunar 15. marz 1861. En jafnframt þessu virðist sýslumaður, ef hlutaðeigandi ferjumaður fæst ekki til með góðu að halda ferjunni við og flytja á henni, og mikil þörf er á henni, til dæmis ef hún er á póstleið, að geta keypt með ráði og samþykki sýslunefndarinnar nýja ferju og leigt fólk af næstu bæjum til að varðveita hana, þangað til málið gegn ferjumanninum er útkljáð allt á kostnað ferjumanns.

2. Eins og sýslunefndin ekki getur lagt niður lögferju, nema amtsráð leyfi, sjá 39. gr. 1. sveitastjórnartilskip. 4. maí 1872, þannig virðist hún ekki heldur geta ákveðið nýja lögferju nema með samþykki amtsráðsins, einkum ef bónda þeim, sem sýslunefndin ætlar að láta varðveita ferjuna, ekki kemur saman við sýslunefndina um þetta eða um suma af skilmálum þeim, er verður að gjöra með tilliti til stærðar og ástands ferjunnar, ferjutollsins o. s. frv. Þegar slík ný lögferja er stofnuð, verður bóndi sá, sem samið hefir verið við um varðveizlu á ferjunni, háður hinum sömu skyldum, og nú hvíla á ábúðndum þeirra jarða, er lögferjur að fornu hafa verið á. Með því að þessar skyldur ganga yfir á síðari ábúendur viðkomandi jarðar, álit jeg það rjettast, að sýslunefndin láti í hvert sinn, er ný lögferja er stofnuð, þinglesa á manntalsþingi jarðarinnar skjal það, er gefið hefir verið út um skilmálana fyrir ferjunni og skyldur þær, er á ferjumanni hvíla, eins og hvorttveggja hefir verið samþykkt af amtsráðinu.

58 — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli. — Eptir

16. maí. að hafa meðtekið þóknanlegt álit stiptsyfirvaldanna um 3 bóнарbrjef sira Einars Jónssonar að Felli um uppbót og lán handa prestakalli hans, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir tjeðum presti, að jeg sje yður samdóma um, að þar sem tjeð prestakall þegar hafi fengið 300 kr. lán, sje ekki ráðlegt að auka lánsbyrði þá, er á prestakallinu hvílir, meira en um 500 kr., þannig að allt lánið verði 800 kr.

Það 500 kr. lán, sem þannig getur orðið spurning um, að Fellsprestakall fái í viðbót við það lán, er það þegar er búið að fá, vil jeg hjer með veita tjeðu prestakalli úr viðlagasjóði, þannig að það fái útborgað, þegar búið er að sanna með skoðunargjörð, er hlutaðeigandi prófastur með 2 góðum búðndum framkvæmir, að varið hefir verið til jarðabótar þeirrar, er getur um í brjefi mínu frá 13. apríl f. á. (stjórnartíðindi B. 73) minnst 800 kr., og að jarðabótin hafi verið vel af hendi leyst, þannig, að ársarðurinn af henni riflega svari vöxtum og afborgun lánsins. Hið nýja lán er veitt með álikum skilmálum og lán það, sem prestakallinu var veitt í fyrra eða þá gegn 6% vöxtum og afborgun í 28 ár. Hvað uppbót á prestakallinu snertir, verður því ekki í ár lagður frekari styrkur en sá, sem því var veittur með brjefi mínu frá 3. marz þ. á. (stjórnartíðindi B. 36).

Þetta er tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

59

23. maí. — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Sudurmúlasýslu um spítalagjald af síld. — Af brjefi yðar, herra sýslumaður, til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu frá 15. marz þ. á. sje jeg, að þjer ennþá eruð í efa um, hvort heimta beri spítala-

gjald af sild, er útlendingar, sem hafa sezt að hjer á landi, veiða á þilskip sín eða báta á fjörðum landsins, eða í landhelgi, þegar sildin er söltuð niður úti í skipunum. 59. 23. maí.

Fyrir því vil jeg vísa yður til brjefs míns frá 26. júlí 1880 (B. 115.), þar sem tekið er fram, að það sjáist af alþingistíðindunum fyrir 1871 samanbornum við tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III. bls. 280, að tilskipun 12. febr. 1872 einnig náði til sildarveiða, og jafnframt bæta því við, að orðin í 1. gr. þessarar tilskipunar «og þar er lagður á land» að minni ætlun eiga ekki aðeins við sjálft landið en einnig við landhelgi. Tilskipunin, sem ákveður, að spítalagjald skuli greiða af umræddum fiskiafla, hvort heldur aflinn er verkaður eða seldur óverkaður, og hvort heldur aflinn er ætlaður til neyzlu í landinu sjálftu eða til útflutnings, gefur ekkert tilefni til að gjöra greinarmun á því, hvort fiskurinn er verkaður á skipi í landhelgi, og má skoða slíkt skip sem part af landi því, er það stendur í sambandi við, eða hvort hann er verkaður á fasta landinu sjálftu. Það er heldur eigi hin minnsta ástæða til að hyggja, að löggjófin hafi viljað undanþiggja útlendinga, er hjer hafa sezt að, frá því gjaldi, sem hvílir á öllum öðrum íbúum landsins, jafnvel þó þeir hagi því svo, að hinn veiddi fiskur sje saltaður niður um borð í skipi, þegar aflinn þó er fluttur út hjeðan af landi. Þetta á sjer stað um allan þann fisk, sem er veiddur eða verkaður í landhelgi; en allt annað á sjer stað um fiskiveiðar, sem stundaðar eru fyrir utan landhelgi af útlendum veiðimönnum, sem aðeins hafa leyfi til að leita hafnar á fjörðum landsins, þegar nauðsyn krefur. Lögin frá 17. des. 1875 (A. 28.) sbr. tilsk. um fiskiveiðar útlendinga við Ísland o. fl. 12. febr. 1872, eiga við hinar síðarnefndu fiskiveiðar, þar sem hinsvegar tilskipunin um spítalagjald af sjávarafli verður að ná til allra fiskiveiða landsbúa, undantekningarlaust og án tillits til, hvar og hvernig þær fara fram, og verður að greiða spítalagjald af aflanum, þegar hann er fluttur að landi, hvort sem hann er lagður á fast land eða á skip í landhelgi.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 60. sýslusjóðsgjald af brennisteinsnámunum. — Út af fyrirspurn sýslumannsins í Þingeyjar- 25. maí. sýslu, hvort Helgastaðahreppur eða Skútustaðahreppur eigi að greiða sýslusjóðsgjald af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu, hafið þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 15. janúar þ. á. skýrt mjer frá, að enginn vafi geti verið um það, að námar þessir liggi innan Skútustaðahrepps, því þeir hafi verið seldir frá jörðunni Reykjahlíð og sjeu innan hennar landamerkja. Þótt nú svo undarlega hafi tiltekizt, að námar þessir sjeu taldir í jarðabókinni frá 1861 aptan við Helgastaðahrepp og ekki Skútustaðahrepp, fáíð þjer ekki sjeð að jarðabókin fyrir þetta gjöri eða geti gjört neina breytingu á takmörkum þessara sveitarfélaga, því það hafi alls ekki verið tilgangur hennar. Eins og þjer því álítið það sjálfsagt, að Skútustaðahreppur en ekki Helgastaðahreppur geti lagt sveitarútsvar á þá sem grafa brennistein úr námunum samkvæmt leigusamningi 13. apríl 1872, þannig sjáið þjer ekki betur en, að Skútustaðahreppur eigi að greiða gjaldið af þeim til sýslusjóðs og ekki Helgastaðahreppur, sem í engu sambandi stendur við þessa náma.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg er alveg samdóma því, sem þjer þannig hafið tekið fram.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 61. búnaðarskólagjald af eyðijörðum. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit amtráðs- 27. maí.